

## Fuglalíf

Í Hornafirði er auðugt fuglalíf allt árið um kring. Fjöldi tegunda leitar sér ætis bæði í flæðarmálinu og út á firðinum. Í Óslandi og frá náttúrustígnum gefst því gott tækifæri til þess að fylgjast með fuglum svæðisins.



## Hraunafsteypur

Við stíginn má sjá hraunafsteypur af trjám. Þær eru í flæðarmálinu og sjást einungis á fjöru. Þetta eru viðkvæmar og sérstæðar jarðminjar sem verður að umgangast af virðingu.

## Steinagarður

Í um það bil 1.5 km göngufjarlægð frá „sólnni“ á Óslandshæð er svæði við stíginn sem geymir nokkra stóra steina. Þessi steinagarður geymir hnullunga sem eru einkennandi fyrir bergtegundir á Suðausturlandi.

## Náttúrustígurinn og sólkerfislíkanið

Meðfram strandlengjunni vestan byggðar á Höfn er göngustígur. Frá honum er frábært útsýni til jökla og suðausturluta Vatna-jökulsþjóðgarðs. Þaðan má einnig njóta stjörnuþjartra náttu og norðurljósa á veturna. Náttúrustofa Suðausturlands hefur með velvilja Sveitarfélagsins Hornafjarðar unnið að því að gera stíginn að náttúrustíg, sem er ætlaður heima-fólki, ferðafólki og öðrum gestum, sem unun hafa af göngu með fróðleik í víðu samhengi.

Við stíginn er líkan af sólkerfinu\*. Líkanið er kvarðað niður meira en 2,1 milljarðfalt en er í réttum stærðar- og fjarlægðahlutföllum. Sólin er staðsett á Óslandshæð en reikistjörnurnar dreifast allt að golf-vellinum við Silfurnes. Reikistjörnurnar eru mótaðar sem kúlur á enda málmstanga og er stærð þeirra á bilinu 1 mm til 6,5 cm. Þær eru festar á gabbrósteinna frá Litla-horni. Auk þess eru upp-lýsingaskilti við þær allar.

Leiðin frá sólinni að Neptúnusi er 2.8 km á lengd og tekur gangan í heild sinni tæpa klukkustund. Hjá Neptúnusi eru einnig upplýsingar um Plútó en aðeins lengra í norður, á Langhólanesi, er steinn sem sýnir meðalfjarlægð Plútós í líkaninu. Áhuga-samir geta gengið þangað en ættu að hafa vara á sér gagnvart golfiðkendum og kúlum þeirra! Frá stígnum er einnig hægt að njóta fuglalífs og fjörunnar sem er síbreytileg eftir tíma ársins og sólarhringsins. Við stíginn má einnig sjá hraun-afsteypur forntrjáa og í sérstökum steinagarði kynnast einkennisbergtegundum Suðausturlands.

*\*Sólkerfið myndar sólin auk hnatta og reikistirna sem hringsóla um hana. Stærstar eru reikistjörnurnar átta en þeirra á meðal er jörðin. Fjöldi tungla hringsólar síðan kringum 6 reikistjörnur. Jörðin hefur eitt tungl.*



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

[www.nattsa.is](http://www.nattsa.is)



Útgáfa, umbrot og hönnun:

Náttúrustofa Suðausturlands © 2019

Litlubrú 2, 780 Höfn  
Sími: 470 8060 / 4708061



Styrktaraðilar:



VINIR  
VATNAJÖKULS  
Styrkt af Vinum Vatnajökuls  
[www.vinirvatnajokuls.is](http://www.vinirvatnajokuls.is)



## Náttúrustígur

Ferðast gegnum  
sólkerfið







## Gjótagarðurinn

Hvaðan komna steinarnir? Þeir eiga allir tilurð á Suðausturlandi. Notiðu þetta kort til þess að leiða þig á milli þeirra. Uppruni steinanna er í sviga.

1. Gabbbró frá Litlahorni (djúppberg).
2. Gabbbró frá Geitafellsbjörgum (djúppberg).
3. Firkornótt gabbbró frá Breiðamerkursandi, grettisstak (djúppberg).
4. Dökkt gabbbró frá Breiðamerkursandi, grettisstak (djúppberg).
5. Dóleri frá Breiðamerkursandi, grettisstak (hraun).
6. Gabbbró frá Breiðamerkursandi (djúppberg).
7. Dilabasalt frá Borgarhnafnarheiði (hraun).

## Plútó

Þó Plútó sé ekki lengur flokkaður með reikistjörnum er hann með til þess að minna á að mörk sólkertfisins eru fjær en ystu reikistjörnum. Leiðin frá Neptúnusi til Plútós er 980 m á lengd. Staerðin er svipuð og birkifæ (0,15% af staerð sólar). Ljósíð er 5,5 stundir að ferðast frá sólinni til Plútó.

## Júpíter

Júpíter er stærsta reikistjarna sólkertfisins. Gönguleiðin frá Ceres til Júpíters er 228 m. Ílkaníð af Júpíter er 6,5 cm í þvermál (10% af staerð sólar), svipað tennis-bolta að staerð. Það tekur ljósíð 43 mínútur að ferðast frá sólinni til Júpíters.

## Ceres


Ceres er stærsta smástirni smástirnabeltins og skilgreint sem dvergreikistjarna. Vegalengd frá Mars til Ceresar er 93 m. Ceres er afar smár eða svipaður tíupjónshaus á staerð (0,0006% af staerð sólar). Það tekur ljósíð 23 mínútur að ferðast frá sólinni til Ceresar.

## MARS

Vegalengdin sem gengin er frá jörðinni til Mars er 37 m í Ílkaninu en þá erum við komin 106 m frá sól. Í Ílkaninu er Mars svipuð sandkorni að staerð (0,5% af staerð sólar). Það tekur ljósíð 13 mínútur að ferðast frá sólinni til Mars.

## Venus

Gangan frá Merkúrasi til Venusar er 23 m. Ílkaninu er Venus dílka og baun (0,9% af staerð sólar). Það tekur ljósíð 6 mínútur að ferðast frá sólinni til Venusar.



## Sólin

Upphafsstaður Ílkansins á Náttúrufstignum er Óslandshæð og þar er sólin. Hún er træpir 1,4 milljón km í þvermál en er smækkuð í Ílkaninu svo þvermálið er aðeins 65 cm. Ljósíð berst á hraða sem er 300 000 km/sek. Þrátt fyrir þann ógnarhraða líða klukkustundir frá því að ljósíð fer frá sólu og kemur til hinna fjarlægari reikistjarna.

## Neptúnus

Leiðin sem ganga skal frá Úranusi til Neptúnusar er rúmlega kílómetri (1.070 m) að lengd. Þvermál Neptúnusar er svipað og þvermál Úranusar (3,5 % af staerð sólar). Það tekur ljósíð 4,2 stundir að ferðast frá sólinni til Neptúnusar.

## Úranus

Frá Saturnusi til Úranusar er gangan 870 m löng. Reikistjarnan er svipuð að staerð og 100 kr. mynt (4% af staerð sólar). Ljósíð ferðast á 2,6 stundum frá sól til Úranusar.

## Satúrnus

Leiðin frá Júpíter til Saturnusar er 406 m. Reikistjarnan er svipuð mandarnu á staerð (8% af staerð sólar). Hringirnir eru ekki sýndir í Ílkaninu en myndu ná rúma 6 cm út frá kúlunni. Það tekur ljósíð 1,3 stundir að ferðast frá sólinni til Saturnusar.

## Jörðin

Það eru 19 m frá Venusi til jarðar. Jörðin er öfíttlu stærri en Venus (0,9% af staerð sólar). Það tekur ljósíð 8,3 mínútur að ferðast frá sól til jarðar. Miðað við meðalgöngu-hraða tekur það teypa mínútu að ganga þá leið í Ílkaninu. Er það tífidur ljóshæði.

## Merkúrás

Fjarlægð Merkúrúsar frá sólinni á náttúrufstignum er rúmfr 27 m. Merkúrás er svipaður á staerð og gróft sandkorn (0,4% af staerð sólar). Það tekur ljósíð 3,2 mínútur að ferðast svo langt frá sólinni sem nemur meðal-fjarlægð sporbrautar Merkúrúsar.